




Óþekkt stúlka, myndin er frá um 1930.



Einar Jónsson.

Ljósmyndir: Kaldal

### Sýningin LJÓS á Kjarvalsstöðum:

## 90 ljósmyndir Kaldals og 120 myndir félaga í LJÓS

Ljósmyndasýning fjögurra ljósmyndara verður opnuð í Kjarvalsstöðum í dag og nefnist sýningin LJÓS. Aðstandendur hennar eru þrjár ljósmyndarar, þeir Pjetur J. Maack, Kjartan B. Kristjánsson og Gunnar S. Guðmundsson, en fjórði ljósmyndarinn, Jón Kaldal, er gestur þeirra á sýningunni og

sýnir hann þar um 90 portrett frá ljósmyndaferli sínum en Kaldal tók eingöngu portrettmyndir. Þeir þremmingar sýna alls um 120 myndir og eru myndir Gunnars helgaðar náttúrulífsmyndum, myndir Pjeturs eru helgaðar vatninu og Kjartan sýnir mannlífsmyndir.

Hluti af Kaldalsmynd-

unum eru frá sýningu hans 1966, en einnig eru margar myndir sem þeir þremmingar hafa stækkað upp í samvinnu við Ingibjörgu Kaldal ljósmyndara dóttur Jóns.

LJÓS sýndi síðast 1975, en þetta er fjórða sýning þeirra félaga. Sýningin verður opin frá 16.—28. feb.



Ein af mannlífsmyndum Kjartans B. Kristjánssonar.

## Bændur úr Þingeyjarsýslu: Víta landbúnaðarráðherra og ráðamenn bænda

FUNDUR bænda af Svalbarðs- strönd úr Höfðahverfi og Fnjóskadal haldinn um landbúnaðarmál í samkomuhúsinu á Svalbarðsströnd 16. jan. 1978 samþykkti eftirfarandi ályktanir:

Fundurinn lætur í ljós mikla óánægju með lélega frammistöðu forráðamanna bændasamtakanna og landbúnaðarráðherra í þeim erfiðleikum sem nú stöðja að bændastéttinni. Telur fundurinn að taka verði upp raunhæfari aðgerðir í kjaramálum bænda og

vill sérstaklega bænda á eftirfarandi atriði:

1. Ekki komi til greina neins konar skattlagning á rekstarvörur, enda samrýmist það illa margítrekuðum samþykktum bænda um aðgerðir til þess að lækka rekstrarkostnað og að fá niðurgreiðslur á frumstigi.

2. Leggja beri sexmannanefndina niður og taka upp beina samninga við ríkisvaldið. Þar verði bændum tryggt umsamið verð fyrir afurðir sínar, en vinnslu-

stöðvarnar verði sjálfar ábyrgar fyrir rekstri sínum.

3. Taka skuli upp kvótakerfi til þess að hindra óæskilega framleiðsluaukningu. Ennfremur skuli lána- og styrkjakerfi landbúnaðarins beitt í sama augnamiði.

4. Gera beri allt sem unnt er til þess að afla hagstæðari markaða erlendis fyrir landbúnaðarafurðir og sé í því sambandi nauðsynlegt að fleiri aðilar en nú er fái heimild til útflutnings. Stórauka beri kynningar- og auglýsingastarfsemi landbúnaðarins.

## Þúsund tonn af lakki til Rússlands

NÝLEGA voru undirritaðir samningar í skrifstofu sovéska verzlunarfulltrúans í Reykjavík, Valdimars K. Valssonar, um sölu á 1000 tonnum af hvítu lakki, sem afgreiddast eiga á næstu mánuðum. Málningarverksmiðjan Harpa h.f. selur 800 tonn en Sjöfn á Akureyri 200 tonn.

Fob-verðmæti þessa samnings er um 260 milljónir króna, auk þess sem Sovétmenn greiða íslensku skipafélagunum yfir 25 milljónir í flutningsgjöld.

Þetta er þrettánda árið sem Rússar kaupa málningu frá Íslandi, en fyrsti samningurinn var gerður við Hörpu h.f. árið 1965.

### Akureyri:

## Eldurinn stöðvaðist við Sparisjóð Glæsibæjarhrepps

Akureyri, 15. febr.

ELDUR kom upp kl. 16 í dag í húsinu nr. 7 við Brekkugötu, en það er tvílyft timburhús á háum kjallara. Eldurinn kom upp í grennd við rafmagnstöflu í kjallara hússins, en er talinn hafa kviknað fyrst við inntaksstofn sem hafi ofhitnað vegna of mikils álags. Eldurinn sjálfur olli litlum skemmdum en reyskemmur urðu miklar.

Eldur varð all bráður í skilrími og lofti á bak við stiga sem liggur upp á fyrstu hæð og reykur fór um allt húsið og olli miklum skemmdum. Litlu munaði að eldurinn kæmist í húsnæði Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps sem er í áfastri viðbyggingu og í sjálfum kjallaranum. Sparisjóðsstjórinn, Skarphéðinn Halldórsson, varð fyrstur var við eldinn þegar hann af tilviljun átti leið í kjallarann úr skrifstofu sinni. Slökkviliðið kom nær samstundis og gekk

rösklega fram í að slökkva eldinn. Í húsinu eru tvær íbúðir. Einhleyp kona býr í annarri en þriggja manna fjölskylda í hinn. Sv.P.

### Prófkjör


Alþýðuflokksins á Ísafirði:

## Kosið um þrjá í 1. sæti, sjálfkjörið í hin

FRAMBODSFRESTUR hjá Alþýðuflokksmönnum á Ísafirði vegna prófkjörs til bæjarstjórnarkosninga er runninn út og samkvæmt upplýsingum Gests Halldórssonar á Ísafirði buðu þrír sig fram í 1. sætið en einn í 2. sætið og einn í 3. sætið og er því sjálfkjörið í 2. og 3. sæti. Í 1. sæti buðu sig fram Marías Þ. Guðmundsson framkvæmdastjóri, Kristján Jónasson framkvæmdastjóri og Kjartan Sigurjónsson skólastjóri. Verður prófkjör á milli þeirra hinn 26. febr. n.k.

Í 2. sætið bauð sig fram Jakob Ólafsson rafveitustjóri og Snorri Hermannsson húsamiður í 3. sætið.

## Harpo í Reykjavík



SNÆNSKI roksöngvarinn HARPO kemur fram á tvennum hljótleikum í veitingahúsinu Sigtúni í Reykjavík um næstu helgi, sunnudags- og mánudagskvöld, ásamt fimm manna hljómsveit sinni. Hljótleikarnir á sunnudagskvöldið hefjast kl. 22, en á mánudagskvöldið kl. 20:30 og eru þeir ætlaðir 13 ára og eldri.

HARPO er um þessar mundir að ljúka sínu fyrsta hljótleikaferðalagi um Norðurlönd. Hefur hann hvarvetna skemmt fyrir troðfullu húsi áheyrenda og hlotið afbragðs góðar viðtökur.

Í sumar verða þrjú ár liðin síðan HARPO skaut upp á stjörnuhimininn með lagi sínu „Moviestar“. Fór lagið víða í efsta sæti vinsældalistanna og var þar lengi. „Moviestar“ naut mikilla vinsælda hérlandis — og hljómsveitin Deildarbungubræður gerði það vinsælt í annað sinn í íslenskum búningi á fyrstu plötu sinni.

### Vík í Mýrdal:

## Vegagerðarmenn sóttir á jarðýtu í iðulausri stórhrið

Litla-Hvammí, 15. febr.

MIKIL snjóköma er hér og hefur verið öðru hvoru síðan á laugardag, en í dag hefur verið iðulaus stórhrið. Er vegir allir lokaðir og kominn mikill snjór á þá. Nokkrir bílar eru tepptir hingað og þangað um Mýrdalinn. Viðgerðarmenn frá Vegagerð ríkisins sem ætluðu til Víkur voru tepptir úti í Mýrdal og var farið eftir þeim á jarðýtu í dag, en þeir voru að koma með varahlut í snjóruðningstækistöð. Símasambandslaust er milli Víkur og Klausturs og mun línan biluð á Höfðabrekkuheiðum. Öll kennsla liggur niðri í skólum í Mýrdal.

— Sigþór.